

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald íbúðarhúsa er kr. 37.600 pr. íbúð.

Vatnsgjald sumarhúsa er kr. 18.800 pr. hús.

Vatnsgjald annarra húsa sem tengst geta vatnsveitu er 0,25% af fasteignamati.

2. gr.

Lágmarksheimæðargjald í þéttbýli á Hellu, Rauðalæk, Laugalandi og Þykkvabæ, sem og í stök frístundahús og íbúðarhús í dreifbýli, er kr. 200.000 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar.

Heimæðargjald miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð, úttekið af starfsmönnum vatnsveitunnar, hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað mannvirkis út fyrir lóðarmörk.

Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

Pvermál rörs	Lágmarksgjald kr.	Verð pr. m umfram 25 m, kr.
25 mm	200.000	3.490
32 mm	222.100	3.540
40 mm	244.400	3.720
50 mm	267.000	4.000
63 mm	300.000	4.420
75 mm	345.000	4.610
90 mm	378.000	5.110

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal auk vatnsgjalds, greiða sérstakt notkunargjald kr. 29,45 pr. m³ samkvæmt rennslismæli sem vatnsveitan á og rekur.

Fyrir rennslismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis sem hér segir:

25 mm	2.000 kr.
32 mm	2.700 kr.
40 mm	3.570 kr.
50 mm	7.150 kr.
63 mm	11.100 kr.
75 mm	13.100 kr.
90 mm	17.500 kr.

4. gr.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar.

Að auki skal greiða kr. 135.000 fyrir hvert lögbýli sem óskar tengingar við kaldavatnsveitu.

Þar sem skipulagðar eru 4 eða fleiri orlofshúsalóðir á samfelldu svæði, skal greiða auk alls kostnaðar við dreifilagnir, tengigjald kr. 135.000 pr. hús fyrir fyrstu fjögur húsin, en kr. 45.000 pr. hús eftir það.

Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útagðs kostnaðar, greiða kr. 16.700 á hverja tengingu.

5. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsnotkun í beitarhólf/landspildu, þar sem ekki er flot- eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 23.000 fyrir hvern aftöppunarstað.

Nr. 1095

27. nóvember 2013

Par sem brynning er með flot- eða skriðlokabúnaði viðurkenndum af starfsmönnum vatnsveitunnar, skal vatnsgjald vera kr. 2.300 á hvern aftöppunarstað.

6. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Gjalddagi heimæðagjalda er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

7. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undanenginni skriflegri aðvörðu.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

8. gr.

Heimæðagjöld og mælaleiga taka breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísitölu útgefðinni af Hagstofu Íslands.

Byggingarvísitalan í desember 2013 er 597,8 stig.

9. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af stjórn vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps þann 27. nóvember 2013 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2014. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 672/2011.

Hellu, 27. nóvember 2013.

Guðmundur Jónasson,
formaður stjórnar vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2013